

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í húsnæði Skólahljómsveitar Kópavogs

laugardaginn 30. janúar 1999, kl.10,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson, Össur Geirsson, auk Vilborgar Jónsdóttur frá SÍL

1. NAMU námskeiðið “Sommermusikskola í Island ‘99”, 25. júní til 2. júlí. Vilborg gerði grein fyrir styrkjum sem verið er að sækja um vegna námskeiðsins. Verið að ráða stjórnanda en ekki ljóst á þessu stigi hver það verður. Menntamálaráðuneytið styrkir um 300,000 krónur vegna námskeiðsins. Einnig fjallað um blað sem sent var til allra SÍL félaga með upplýsingum og umsóknareyðublöðum. Inntökuskilyrði rædd, en miðað er við 5. stig, 18 ára aldur og að umsækjandi sé meðlimur í lúðrasveit innan SÍL. Enn er möguleiki á að haldið verði stjórnandanámskeið og málmlásarakennaranámskeið á svipuðum tíma ef góðir aðilar eru að koma á annað borð til landsins vegna lúðrasveitarnámskeiðsins. Vilborg bað stjórn SÍSL um að fara í gegn um umsóknirnar og velja úr hæfa einstaklinga, þar sem stjórnmeðlimir SÍL séu of persónulega tengdir mörgum umsækjendum. Stjórn SÍSL samþykkti að taka þetta að sér.
2. Vilborg kom áleiðis beiðni frá Austurrískri sveit um tengsl við lúðrasveitir á landsbyggðinni. Sveitin stefnir að hringferð um landið í júní árið 2000 með viðkomu á landsmóti SÍL. Æskir tengsla við lúðrasveitir til að fá einhverja fyrirgreiðslu vegna gistingar o.s.fr. Rætt um að senda þeim heimilisföng SÍSL sveita

3. Fjármál. Tilkynning barst frá Lúðrasveit Höfðaskóla um að engin starfsemi væri þar lengur og hún því tekin út af skrá SÍSL. Of margar sveitir virðast skulda fyrir útsetningar og félagsgjöld. Of miklar skuldir til að hægt sé að líta fram hjá þeim. Samkvæmt lista sem lagður var fram á aðalfundi 1997 eru þessar skuldir yfir 400,000. Stefán Ómar ætlar að senda út bréf og hvetja til að menn greiði þetta. Rætt um leiðir til að ná þessum aukum. Rétt að biðja stjórnendur um að athuga í sínu bókhaldi hvort ekki sé rétt fært að hljómsveitirnar skuldi. Að lokum voru reikningar frá landsmóti yfirfarnir.
4. Landsmótið. Samkæmt skilaboðum frá Skarphéðni Einarssyni er undirbúningur kominn af stað og foreldrahópur byrjaður á undirbúningsvinnu. Hann boðar að sent verði út bréf um páskana til félagsmanna með nánari fréttum.
5. Nótnaútgáfa vegna landsmóts. Rímnadanslögin eru tilbúin í endurskoðaðri útgáfu Ellerts Karssonar. Húnaþing er tilbúið í útsetningu Mike Jones. Rætt um önnur lög sem til eru handskrifuð og þyrfti að endurvinna, m.a. með “substitute parts” fyrir styttra komna. Helst rætt um “Á Sprengisandi” í útsetningu Páls P. Pálssonar. Einnig samþykkt að fá lagið “Það er kominn 17. júní” útsett fyrir SÍSL. Össur upplýsti að útsetning á lögum eftir Hallbjörn Hjartarson væri að fara í vinnslu.
6. Úrvalssveitin. Rætt um starfið og hugsanlegt lagaval fyrir næstu lotu.

Fundi slitið kl. 12,30. Næsti fundur ákveðinn 13. mars í samráði við Skarphéðinn Einarsson sem ætlar að vera í bænum þá helgi.

Össur Geirsson
ritari.

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í Varmárskóla

laugardaginn 13. mars 1999, kl.10,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson. Skarphéðinn Einarsson var boðaður á fund en tilkynnti um forföll.

1. **Landsmót.** Birgir mæltist til að stjórn SÍSL gerði sér ferð til Blönduóss í lok apríl til að líta á aðstæður. Samkvæmt skilaboðum frá Skarphéðni urðu þau fyrir því áfalli að tvö fyrirtæki sem ætluðu að styrkja landsmótið fóru á hausinn fyrir skömmu en nú horfir vonandi til betri vegar. Nánari fréttir koma í bréfi frá Skarphéðni um páskana.

2. **Lúðrasveit Æskunnar.** Kári og Karen eru í fullum gangi með profuspil. Búin að vera að prófa m.a. í Hafnarfirði og Mosfelssbæ og allt austur að Vík. eru einnig á leiðinni til Akureyrar. Nú er orðið ljóst að Bernharður Wilkinson getur ekki unnið með sveitinni vegna mikilla anna m.a. sem aðstoðastjórnandi Sinfóníuhljóm-sveitarinnar. Karen og Kári eru að skoða stöðuna og tala við aðra hugsanlega stjórnendur. Stefnt er að æfingalotu í apríl og september og tónleikum á landsmótinu á Blönduósi í október.

3. **Útsetningar.** Rætt um að hafa þykkari pappír í útsetningunum framvegis svo menn greini betur í sundur ljósrít og frumrít. Þar sem ætlast er til að menn ljósríti hver fyrir sína sveit var einnig rætt um að prenta á báðar hliðar frumritanna til að spara pappírskostnað. Það verður reynt nú þegar Rímnadanslögin verða fjölfölduð. Ákvðið að senda út nú um páskana Rímnalögin, Kántrýsyrpuna og 17.

júní-lagið. Á Sprengisandi (úts. P.P.P) og Húnaþing verður sent út síðar. Endurvinna þurfti lagið Húnaþing þar sem lagið er nokkurskonar þjóðsöngur heimamanna og Skarphéðinn taldi að hin annars mjög góða útsetning hefði fært lagið um of frá hefðbundnum stíl þess.

4. **Fjármál.** Bréf á leiðinni frá Stefáni Ómari vegna eldri skulda á útsetningum sbr. síðustu fundargerð. Ákveðið að senda næsta nótnapakka í póströfu. Innheimta félagsgjalda gengur bærilega.

5. **Upplýsingar um hljómsveitirnar í landinu.** Rætt um uppkast sem Össur kom með að spurningalista sem ætlunin er að senda á allar sveitirnar til að safna upplýsingum um starfsemi þeirra. Fundarmenn sammála um að slíkar upplýsingar væru bæði fróðlegar sem söguleg heimild og einnig sem gagnabanki fyrir félgsmenn. Þarna gætu menn einnig miðlað skemmtilegum hugmyndum og séð hvernig aðrar hljómsveitir haga sínu starfi.

6. **NAMU námskeið** í sumar. Nokkuð fastákveðið að bæði stjórnanda námskeið og málmbláarakennarnámskeið verði í tengslum við NAMU námskeiðið í sumar. Þessi námskeið eru opin SÍSL félögum og ástæða til að biðja félagsmenn að skoða vel þennan möguleika á skemmtilegu og fræðandi námskeiði. Samþykkt að SÍSL taki á einhvern hátt þátt í fjármögnun stjórnandanámskeiðsins. Raett betur síðar þegar kostnaðaráætlun liggur fyrir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12,30.

Össur Geirsson
ritari.

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

laugardaginn 8. maí 1999, kl.10,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson, Össur Geirsson, Kári Einarsson og Karen Sturlaugsson.

- Lúðrasveit Æskunnar.** Kári og Karen sögðu að æfingahelgi L.Æ. hefði gengið vel. Hópurinn betri en von var á, jafnari einstaklingar og betra brass í heild en í síðasta hóp. Ungur hópur um 58 einstaklinga með mörgum nýjum andlitum og vonast þau til að þessi hópur geti starfað eitthvað áfram. Alltaf vantar þó í ákveðin hljóðfæri eins og bassaklarinett og fagott. Efnisval sveitarinnar var vjölbreytt. Fjögur íslensk lög, Konsert fyrir slagverk og bláساسveit eftir Pál Pampichler, Brennið þið vitar í útsetningu ellerts Karlssonar, Garden Party eftir Eyþór Gunnarsson og Brum eftir Guðmund Hafsteinsson. Af erlendum lögum má nefna hljómsveitarsvítu eftir Holst og Buglers Holliday. Ánægja er með störf Kjartans Óskarssonar stjórnanda. Létt andrúmsloft er á æfingum og hörð vinna. Krakkarnir fengu nóturnar með sér heim með skipun um að æfa sig og nú er að sjá hvort stjórnendur hjálpa þeim til að muna það. Sú hugmynd kom upp að láta prenta spjöld til að setja framan á möppur krakkanna til að merkja þær. Næsta æfingahelgi verður 1. til 3. október með tónleikum í Ráðhúsi Reykjavíkur og síðan verða að sjálfsögðu tónleikar á landsmótinu á Blönduósi helgina 15. til 17. október. Rætt var um efni fyrir L.Æ. og talin ástæða til að sveitin spili erfiðari útsetningar sem SÍSL hefur gefið út. Rætt hversu langt eigi að ganga í að fá fólk á þau hljóðfæri sem vantar og hvort kaupa eigi utanaðkomandi fólk til þess. Samþykkt að halda þessu ains mikið innan samtakanna og kostur er og fá einungis utanaðkomandi ef annað gengur ekki upp. Þáttökugjald á námskeiðið var 1,000 krónur. Greiða þarf leigu fyrir verkin eftir P.P.P. og Guðmund Hafsteinsson auk sendibílakostnaðar. Birgir leggur til að Karen og Kári haldi saman tímum og kostnaði og fái greitt fyrir sitt framlag. Kári skilaði inn uppgjöri vegna geisladiskasölu. Ennþá er eitthvað útistandandi þar.

2. **Upplýsingasöfnun.** Tillögur Ö.G. um upplýsingasöfnun ræddar og ákveðið að senda út spurningalista til kynningar á landsmótinu.
3. **Nýjar útsetningar.** Það að senda nóturnar nú út í póströfu virðist gefa góða raun og heimtur nokkuð betri nú en venjulega.
4. **Eldri skuldir.** Stefán Ómar ræddi innheimtu eldri reikninga. Einhverjir hafa getað fundið gamla greidda reikninga og leiðrétt okkur með það. Enn er verið að vinna í að lagfæra bókhaldið og gengur það þökkalega.
5. **NAMU.** samþykkt að sækja formlega um aðild að NAMU, Nordisk Amatör Musik Union. Namu og SÍL standa fyrir hljómsveitarnámskeiði í júní með þáttöku SÍSL.
6. **Skólahljómsveit Vesturbæjar.** Samþykkt að hafa samband við Lárus Grímsson og hvetja Skólahljómsveit Vesturbæjar til að vera með í SÍSL og senda þeim boð um þáttöku á landsmótinu.

Fundi slitið kl. 12,00.

Össur Geirsson
ritari SÍSL

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn á Urðarstíg 10 í Hafnarfirði

fimmtudaginn 10. júní, kl.13,00.

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson ásamt Vilborgu Jónsdóttur og Ásdísi Þórðardóttur frá SÍL

- Nótnamál.** Peningar vegna nýju nótnapakka skila sér vel. Þó hafa verið endursendir pakkar frá þremur stöðum, Garði, Hveragerði og Eyjafirði. Ö.G. ætlar að leita nánari upplýsinga um það. Eitthvað virðist þó ganga illa það fyrirkomulag að senda reikninginn í bréfi til stjórnendanna og verður því breytt í framtíðinni.
- Landsmót.** Skarphéðinn ætlaði sér að hafa símsamband við alla stjórnendur vegna landsmótsins á Blönduósi 15. til 17. október næstkomandi.. Hann telur það hagkvæmara en að senda út bréf. Hann er þegar búinn að hafa samband við þó nokkra.
- Næsti mótsstaður.** Suðurnes og Akureyri lýstu yfir áhuga á að halda landsmót á aðalfundi SÍSL á Norðfirði 1995. Þar sem mótið er nú á Norðurlandi væri eðlilegra að hafa næsta mót á Suðurnesjum og síðan á Akureyri árið 2003. Birgir ætlar að hafa samband við Harald í Reykjanesbæ og heyra í honum hljóðið.
- Námskeið.** Rætt um að athuga með stjórnandanámskeið eða brass-kennaranámskeið fyrir næsta sumar (árið 2000). Spurning hvort SÍSL og SÍL hafi nægan fjárhagsgrunn til að standa að slíku námskeiði. Hugsanlega mætti reyna samstarf við FT, FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík. Í framhaldi af því spunnust umræður um hljómsveita-keppnir og jafnvel einleikarkeppni fyrir meðlimi SÍSL og sýndist sitt hverjum
- SÍL námskeið.** SÍL stendur fyrir hljómsveitarnámskeiði í lok mánaðarins og stjórnandanámskeiði í beinu framhaldi. Rætt um framkvæmd námskeiðanna og tilhögun gistingar o.s.fr. Nokkuð góð þátttaka er á bæði námskeiðin.
- NAMU-boð.** Í gegn um NAMU hefur borist boð frá BERGEN til skólalúðrasveita í Reykjavík á hljómsveitamót næsta ár. Von er á styrk frá Nordisk Kulturfond til þessa. Boðinu verður komið áfram til hljómsveitarstjóra í Reykjavík

Fundi slitið kl. 15,00

Össur Geirsson
ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í Varmárskóla

föstudaginn 27. ágúst kl. 10,00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson, Össur Geirsson og Skarphéðinn Einarsson.

Landsmót. Nú þarf að hafa snör handtök til að undirbúa landsmótið. Skarphéðinn Einarsson, mótshaldari þarf að senda út formleg boð og setja tímamörk á þátttökutilkynningar. Hann telur alla aðila á Blönduósi vel undirbúna og tilbúna í slaginn en að vinna þurfi hratt fram að móti. Hann ætlar sér að hringja í alla stjórnendur frekar en að styðjast við bréfasendingar. Kostnaður verður u.þ.b. 4800 krónur per mann, sem er heldur lægra en á síðasta landsmóti. Innifalið í mótsgjaldinu er: Matur, gisting, mótspeningur og veifa, mótsskrá, aðgangur í sund og bíó, ásamt ballinu á laugardagskvöldinu.

Drög að dagskrá mótsins:

Föstudagur 15. október.

16,00 Mæting á Blönduós seinnipart dags. Boðið upp á djús og ávexti en ekki boðið upp á kvöldverð.
Æfing úrvalssveitar um kvöldið.
Hugsanlega boðið upp á Bíó sýningu, sérstaklega ef veður verður slæmt

Laugardagur 16. október.

8,30 Morgunmatur
9,30 Samæfing allra sveita til 11,30. A-B sveitir æfa sér, C-D sveitir sér.
Mögulega einnig æfing hjá úrvalssveitinni.
11,30 Hádegismatur 1. hópur
12,00 Hádegismatur 2. hópur
12,30 Hádegismatur 3. hópur
14,00 TÓNLEIKAR (tímalengd fer eftir þátttöku)
18,30 Kvöldmatur 1. hópur
19,00 Kvöldmatur 2. hópur
19,30 Kvöldmatur 3. hópur
20,00 BÍÓ-sýning.
20,00 AÐALFUNDUR SÍSL
22,00 Ballið
01,00 Allir komnir í háttinn

Sunnudagur 17. október

10,00 Morgunmatur
11,00 Mótsslit. Standa til kl. 13,00
13,00 Hádegismatur 1. hópur
13,30 Hádegismatur 2. hópur
14,00 Hádegismatur 3. hópur

Umræða spannst um samræmd próf í 4. og 7. bekk í íslensku og stærðfræði sem eru dagana eftir landsmótið. Ekki var talið mögulegt að færa mótstímann úr því sem komið er en því beint til stjórnenda að benda sínum krökkum á að undirbúa sig tímanlega fyrir þessi próf. Þess í stað ákveðið að færa mótsslitin frammar á sunnudeginum en þau höfðu upprunalega verið sett á klukkan 14,00. Það gefur fólki kost á að komast fyrr heim.

Rætt um að halda opnum möguleika á bíósýningu og sundi á föstudagskvöldinu. Gisting verður að mestu leyti á Blönduósi en einnig er möguleiki á gistingu á Skagaströnd og Húnavöllum ef þátttaka verður mikil. Um 20 mínútna keyrsla er frá þessum stöðum báðum inn á Blönduós. Á Blönduósi er hótél sem mun bjóða upp gistingu á góðu verði fyrir þá sem það kjósa.

Úrvalssveitin mun hafa sérstakt húsnæði fyrir sínar æfingar um helgina.

Rætt var um sameiningu hljómsveita með líku sniði og gert var í Grafarvogi.

Samþykkt að beina því til stjórnenda að skoða þennan möguleika á samvinnu við aðrar hljómsveitir í nágrenninu. Slík sameining, sérstaklega minni sveita mun stytta tónleikana auk þess að gefa hverri sveit færi á að spila fleiri mínútur.

Rætt um framkvæmd tónleikanna. Líklega verða eldri og yngri sveitir á sömu tónleikunum. Sett verða upp tvö “svið”. Meðan leikið er á öðru sviðinu verður skipt um hljómsveit á hinu.

Rætt um varúðarráðstafanir vegna Blöndu. Skarphéðinn mun hafa samband við lögreglu staðarins vegna þessa.

Rætt um hljóðupptökur og myndbandsupptökur. Ákveðið að skoða áfram möguleika á myndbandsupptökum.

Tónastöðin og Tríóla verða með kynningar á mótinu og mun Sverrir í Tríólu leggja áherslu á meðferð hljóðfæra. Hann mun verða með ýmis tól og tæki til sýnis ásamt sundurteknum hljóðfærum. Ákveðið að hafa einnig samband við Samspil og Hljóðfærahús Reykjavíkur og bjóða þeim að kynna sína vöru.

Tónlist á landsmóti:

Þessi lög verða spiluð sameiginlega af hljómsveitunum og eiga að vera til í nótnasöfnum allra sveita fyrir utan lagið “Á Sprengisandi” sem er í vinnslu og verður sent út til allra sveita mjög fljótlega. Þeir sem ekki eiga þessar útsetningar ættu að hafa samband við stjórn SÍSL og verða sér úti um eintak:

Fyrir A og B sveitir: Lögin frá Kántrýbæ	úts. Össur Geirsson
Marsbúa cha-cha	úts. Össur Geirsson
A, B, C, D	úts. Össur Geirsson
Ó, nema ég	úts. Malcolm Holloway

Öxar við ána	úts. Malcolm Holloway
Hafið bláa hafið	úts. Malcolm Holloway

Fyrir C og D sveitir	Öxar við ána	úts. Ellert Karlsson
	Á Sprengisandi	úts. Páll P. Pálsson (er útkomið)
	Rímnadanslög	úts. Ellert Karlsson
	Mars ópus 8	Haraldur Guðmundsson
	Vormenn Íslands	úts. Ellert Karlsson
	Þytur	Páll P. Pálsson
	Lögin frá Kántrýbæ	úts. Össur Geirsson

Búast má við að flest þessara laga verði spiluð en einhver þeirra verða felld niður. Sú hugmynd kom einnig fram (eftir fundinn) að allar sveitir, A, B, C og D spiluðu saman í lokin Lögin frá Kántrýbæ.

Lagið Húnabyggð sem útsett var sérstaklega fyrir þetta landsmót verður líklega spilað af úrvalssveitinni eingöngu og því óvíst hvort það fer í dreifingu til allra aðildarsveita SÍSL.

Framhaldið nú ræðst af þátttökunni. Skarphéðinn mun hringja í alla stjórnendur og fá upplýsingar um fjölda þátttakenda í hverri sveit. Því er beint til stjórnenda að þeir fari að huga að landsmótinu hið fyrsta svo þeir geti svarað spurningum Skarphéðins þegar hann hringir.

Í lok fundar benti ritari á NAMU-fund í nóvember, kostnað vegna stjórnendanámskeiðsins í sumar, útsetningu á Á Sprengisandi, boð til Reykjavíkursveita á mót í Bergen og fleira en vegna tímaskorts ákveðið að taka það fyrir á næsta fundi sem settur er á 4. september í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Fundi slitið klukkan 12,00.

Össur Geirsson
ritari

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

Þriðjudaginn 7. september 1999, kl. 9,00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson. Kári H. Einarsson kom á síðari hluta fundarins.

1. **Lesin fundargerð** síðasta fundar.
2. **Sameiginleg lög.** Fjöldi sameiginlegra laga á landsmótinu ræðst af þátttöku. Tímalengd á hverja sveit fer einnig eftir fjölda þeirra sveita sem á mótið koma. Ákveðið að bíð með að ákveða endanlega hvaða lög verða spiluð.
3. **Boð frá Bergen.** Boð til Reykjavíkursveita um þátttöku í Bergen-festival 23. – 25. júní á næsta ári. Vantar frekari upplýsingar um hve styrkurinn sem NAMU sækir um er mikill. Skólahljómsveit Árbæjar-og Breiðholts og Skólahljómsveit Grafarvogs hafa lýst áhuga og koma báðar til greina. Báðar þykja góður kostur en á mismunandi forsendum. Birgir ætlar að hafa samband við stjórnendur sveitanna en stefnt er að því að stjórnin mæti á æfingu hjá þeim báðum og taki endanlega ákvörðun í framhaldi af því.
4. **NAMU-námskeiðið.** Enginn kostnaður fellur á S.Í.S.L. vegna stjórnendanámskeiðsins í sumar. Þáttökugjaldið ásamt framlagi NAMU og KÍ nægir fyrir öllum útgjöldum.
5. **Á Sprengisandi.** Farið yfir útsetninguna og þær endurbætur sem á henni hafa verið gerðar.
6. **Tónverkamiðstöð.** Rætt um samvinnu við tónverkamiðstöðina. Ákveðið að senda þeim lista yfir útsetningar svo þau viti hvað til er. S.Í.S.L. mun að öðru leyti ekki koma beint að útgáfumálum í samvinnu við Tónverkamiðstöðina, eðlilegra að Tónverkamiðstöðin hafi samband við höfunda og útsetjara ef vilji er fyrir útgáfu.
7. **WASBE.** Ritari kom á framfæri tillögu frá Roari Kvam um að kynna WASBE fyrir félögum S.Í.S.L. Wasbe stendur fyrir **World Association for Symphonic Bands and Ensembles** og virðist mjög áhugavert félag fyrir okkur lúðrasveitarstjóra á Íslandi. Netfang þeirra er: wasbe.fsu.edu/ og upplýsingar um félagið má fá hjá

Egil Gundersen
WASBE Treasurer
Ronningjordet 21
N-3718 Skien, Norge
Fax: +47 35 - 53 75 21

Stjórnin hvetur alla félagi S.Í.S.L til að kynna sér þessi samtök og ganga í þau þyki þeim ástæða til.

8. **NAMU fundur 6. – 7. nóvember.** Ekki talin þörf á að SÍL og S.Í.S.L. sendi sinn fulltrúann hvort á NAMU fundi. Ákveðið að boða formann SÍL á næsta stjórnarfund vegna þessa.
9. **Dagskrá aðalfundar.** Haraldur Árni í Reykjanesbæ er tilbúinn að taka næsta landsmót árið 2001. Tillaga um að Akureyri taki þarnaesta mót rædd. Farið var yfir lög S.Í.S.L. og ákveðið að senda þau út með viðbótum frá síðasta aðalfundi. Sitjandi stjórn gefur kost á sér til áframhaldandi setu.
10. **Lúðrasveit Æskunnar.** Kári H. Einarsson kom á fundinn og sagði frá ástæðum þess að þau Karen geta ekki sinnt Lúðrasveit Æskunnar sem skyldi á landsmótinu. Karen þurfti að fara í uppskurð og Kári stefnir að fjölgun í fjölskyldunni þessa helgi. Það þarf því að fá nýja manneskju til að sjá um L.Æ. fram yfir landsmót og voru ýmsir möguleikar ræddir. Kári fékk það hlutverk að hafa samband við þá sem helst þóttu koma til greina og fá þá í starfið.

Fundi slitið kl. 11,00

Össur Geirsson
ritari S.Í.S.L.

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í húsnæði Skólahljómsveitar Kópavogs

föstudaginn 24. september kl. 9,00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson, Össur Geirsson og Kári Einarsson.

1. **Farið yfir fundargerð** síðasta fundar.
2. **Bergen.** Eftir samtöl við stjórnendur þeirra tveggja hljómsveita sem til greina kom að senda til Bergen á næsta ári mælir stjórn S.Í.S.L. með því að Skólahljómsveit Grafarvogs verði fulltrúi Íslands á hátíðinni. Stjórnin væntir þess að hljómsveitin verði landi og S.Í.S.L til sóma.
3. **NAMU fundur** í byrjun nóvember. Vegna kostnaðar telur stjórnin eðlilegt að S.Í.S.L. og SÍL sendi fulltrúa sína til skiptis á þá NAMU-fundi sem þarf að sækja til hinna norðurlandanna. Birgir leggur til að undirritaður fari á þennan fyrsta fund og kynni samtökin þó svo að vitað sé að Vilborg Jónsdóttir formaður SÍL fari einnig á fundinn til að gera upp starf sumarsins. Í framtíðinni fari fulltrúar þessara samtaka til skiptis á fundina. Tillagan samþykkt.
4. **Geisladiskar.** Talsvert enn útistandandi af skuldum vegna geisladiskanna. Stjórnin hvetur félagar S.Í.S.L. til að gera upp hið allra fyrsta. Stefán Ómar, gjaldkeri, mun standa í innheimtuaðgerðunum.
5. **Nótnaútgáfa.** Ljóst að mikið hefur áunnist í útgáfumálum fyrir lúðrasveitir á síðustu 10 árum. Vilji er til að athuga með lista yfir útgefið efni frá SÍL með það fyrir augum að félagar S.Í.S.L. geti fengið keypt eitthvað af því efni sem SÍL hefur gefið út, eins og til að mynda “hvítu bókina”, sem inniheldur útsetningar Ellerts Karlssonar af íslenskum ættjarðarlögum. Rætt um tilhögun greiðslna til höfunda og útsetjara.
6. **Lúðrasveit Æskunnar.** Ekki hefur fengist manneskja til að vinna í stað Karenar Sturlaugsson fram yfir landsmót. Kári reiknar með því að sinna þessu sjálfur með hugsanlegum stuðningi frá stjórn. Rætt um greiðslu fyrir leigu á slagverki og samþykkt að finna eðlilegt hundraðshlutfall af verðmæti slagverks sem leigugjald. Rætt um tónleikana í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 3. október næstkomandi og tilhögun æfingahelgarinnar. Umræður spunnust um hvernig innheimta eigi þátttökugjald fyrir þá féлага L.Æ. á landsmótinu sem hugsanlega koma eingöngu til að leika með L.Æ.
7. **Landsmótið.** Skarphéðinn Einarsson mótshaldari telur um 600 hljóðfæraleikara skráða á landsmótið í 17 hljómsveitum. Bæklingurinn fer í vinnslu um mánaðarmót. Um dagskrá mótsins vísast til fundargerðar frá 27. ágúst sl. Nú er ljóst að Húnavellir verða notaðir að einhverju leyti til gistingar og að hótelið á Blönduósi er lokað! Þeir sem höfðu hugsað sér að gista á hótelinu verða því að leita annarra leiða. S.Í.S.L. samþykkir að greiða rútukostnað þann sem hlýst af samgöngum milli Húnavalla og Blönduóss.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10,30

Össur Geirsson
ritari

Aðalfundur SÍSL 1999.

Haldinn í Félagsheimilinu á Blönduósi þann 16. október 1999, kl. 20,00

Fundarstjóri Skarphéðinn H. Einarsson.

1. **Skýrsla stjórnar.** Birgir D. Sveinsson formaður SÍSL flutti skýrslu stjórnar og fylgir hún með á sér blaði.
2. **Reikningar SÍSL.** Stefán Ómar Jakobsson gjaldkeri SÍSL lagði fram endurskoðaða reikninga.
 - a) Geisladiskar
 - b) Árgjöld
 - c) Reikningar SÍSL frá 1. jan 1998 til 15. okt. 1999.
3. **Umræður.**

Jóhann Morávek spurði um greiðslur til stjórnanda Lúðrasveitar Æskunnar. Gjaldkeri upplýsti að um hluta af launum væri að ræða. Gísli Magnússon spurði hvað ætti að gera við óselda geisladiska. Gjaldkeri sagði að skila mætti diskunum en Össur Geirsson ritari taldi eðlilegast að sveitirnar keyptu diska þá sem þær hafa fengið senda og noti afgangsdiskana í tækifærisgjafir.

Reikningarnir voru samþykktir samhljóða en umræðum um skýrslu stjórnar frestað og verða teknar undir liðnum önnur mál.
4. **Lagabreytingar.** Enga tillögur lágu fyrir um lagabreytingar.
5. **Stjórnarkjör.** Sitjandi stjórn gaf öll kost á sér til endurkjörs og var kjörin einróma.
6. **Endurskoðendur.** Sem endurskoðendur voru kosnir Skarphéðinn H. Einarsson og Atli Guðlaugsson.
7. **Árgjald.** Líflegar umræður urðu um árgjöld. Jón Hjaltason lagði til að það yrði hækkað úr 5,000 í 7,500. Elínborg Sigurgeirsdóttir lagði til að gjaldið yrði mishátt eftir stærð sveita og skóla (sveitarfélaga). Samþykkt var að hækka árgjald í 7,500 krónur. Stjórn var falið að skoða möguleikann á að innheimta árgjald með tilliti til stærðar sveita eða umfangs starfssemi á hverjum stað.

8. Önnur mál:

- a) **Útsetningar.** Skarphéðinn segist hafa keypt allar útsetningar SÍSL en telur Sprengisand Páls P. Pálssonar of erfiðan til að geta notað hann í næstu framtíð. Róbert Darling er ánægður með útgáfuna og greiðir fúslega fyrir þær allar til að styðja framtakið. Gísli Magnússon er tilbúinn að kaupa erfiðu útgáfunar þó þær nýtist fáum og Jóahnn Morávek tekur undir þetta sjónarmið. Elínborg vill fá meira af efni sem nýtist sveitum þar sem nemendur eru á mismunandi getustigi. Birgir minnti á lista sem sendur var út (í tvígang) þar sem óskað var umsagna um útgefið efni SÍSL. Össur brýndi menn til að senda svör hið fyrsta, því þannig fái stjórn SÍSL bestu upplýsingarnar um það hvernig efnið nýtist sveitunum. Jón Hjaltason gerði athugasemdir þar sem hann er með brassband en flestar útsetningarnar eru miðaðar við sveitir með mál- og tréblásturshljóðfæri. Fram kom að miða þurfi útsetningarnar við að þær nýtist litlum sveitum án tillits til hljóðfæraskipunar. Ian Wilkinson telur að gera megi einfaldar útsetningar á ódýran máta og margir lumi á útsetningum sem henti. Össur er að vinna 5 radda útsetningar fyrir SÍL, sem byggt er utaná og ættu að geta nýst fámennum sveitum. Zoltán Szklenár spurði hvers vegna engin sveit hefði verið með íslensk lög á efnisskrá sinni. Lilja Valdimarsdóttir sagði að ástæða sinnar sveitar hefði verið sú, að öll sameiginlegu lög in voru íslensk.
- b) **Skipulag tónleikanna.** Elínborg vakti máls á skipulagi tónleikanna. Taldi þá of langa og æskilegt væri að skipta þeim í tvennt eftir getu sveitanna. Ian taldi krakkana í sveitunum hafa rápað of mikið og Hjálmar Sigurbjörnsson benti á að 8 mínúturnar væru mislangar hjá sveitunum. Jóhann Morávek bað fólk um að virða tímamörkin. Birgir velti þeirri hugmynd upp að skipulagning tónleikanna verði endurskoðuð fyrir næsta mót í Reykjanesbæ. Tónleikar verði þá hugsanlega tvennir, AB tónleikar og CD tónleikar. Skarphéðinn fór yfir sér aðstæður á Blönduósi vegna smæðar staðarins. Fannst honum í lagi að blanda saman mismunandi sveitum á eina tónleika, enda vart möguleiki á öðru og keyra hefði þurft í gegn allt efnið á einum tónleikum. Skarphéðinn ákvað að reyna ekkert á bréfaskriftir og hringdi í alla aðila til að fá meldingar á mótið. Heiðrún Hámundardóttir telur mikilvægt að sveitir hlusti hver á aðra. Lilja leggur til að tónleikum verði dreift og jafnvel byrjað á föstudagskvöldi. Birgir vill gjarnan sjá sveitir úr nágrennabyggðalögum leika sameinaðar á landsmótum. Þá hrósaði hann Skarphéðni fyrir undirbúning og framkvæmd landsmótsins. Einnig dásamaði hann hversu gott samband mótshaldari hefur við æðri máttarvöld. Össur hvetur til að umræðu verði haldið áfram um allt sem megi verða skólalúðrasveitunum til framdráttar. Varpaði fram hugmyndum um keppni milli hljómsveita. Aðstaða til tónleikahalds er þó ekki til að hrópa húrri fyrir í íþróttahúsum. Helga Björg Arnardóttir vill gjarnan hafa mótið mánuði síðar en nú var.
- c) **Keppni.** Sveinhildur Torfadóttir kvaðst fylgjandi því sem Össur varpaði fram um að komið yrði á einhverskonar keppni. Með keppni í huga væri betra að hafa mótið að vori. Einar Jónsson lagði til að tónleikar verði þrískiptir; byrjendur, lengra komnir og keppni. Lilja er á móti allri keppni, prinsippisins vegna. Hún

vill ekki ýta undir keppni en leggur til að móttin verði haldin á vorin. Kári Einarsson er aftur mjög hlynntur þessari tímasetningu enda segist hann sjálfur hafa stungið upp á þessum tíma. Hann leggur til að sveitirnar fái umsagnir, sem virki uppbyggjandi. Össur er stöðugt að verða hlynntari keppni og er þá fyrst og fremst að hugsa um að fá gagnrýni á sín störf á faglegum grunni, t.d. frá erlendum aðila. Þá lýsti hann yfir áhyggjum sínum af framtíð blásarakennaradeildar sem lengi hefur verið olnbogabarn í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Einar segir allt í lífinu vera keppni. Hljómsveitir gætu verið flokkaðar eftir deildum.

- d) **Laun og gjöld.** Jón Hjaltason spyr hverjir fái greidd laun fyrir vinnu sína þessa helgi. Stjórnendur í höfuðborginni fá ekki greidd laun, þrátt fyrir að kjarasamningar segi annað. Þá óskaði hann eftir að stjórn legði fram einhverja töflu yfir gjaldtöku sveitanna. Össur telur að uppsettur taxti fyrir lúðrasveitir eigi að vera 40,000 krónur.
- e) **Blásarakennaradeild.** Karen spurði um stöðuna í blásarakennaradeild. Stjórn SÍSL ræddi þessi mál á fundi með Einari Jónssyni, síðasta vetur og er hann búinn að ræða málin við Halldór Haraldsson skólastjóra Tónlistarskólans í Reykjavík. Ýmis mál hafa lagast t.d. er nú búið að koma á æfingakennslu sem hingað til hefur alveg vantað. Stefán Ómar var á námskeiði í ágúst þar sem kom fram sú tillaga að senda nemendur í BLKD í æfingakennslu á fámenna staði úti á landi þar sem þeir þurfa að bjarga sér á mismunandi hljóðfæri. Þá taldi hann að lúðrasveitir þyrftu að selja inn á tónleika sína ekki síður en karlakórar gera. Birgir minntist á og fór lauslega yfir fundargerð frá fundi um málefni BLKD og hvað mætti betur fara. Nemendur sem nú eru í BLKD hvetja stjórn SÍSL til að þrýsta á að BLKD starfi samvæmt námsvísi! Einar telur BLKD hafa þróast eftir þörfum markaðarins. Hann telur sig, Kjartan Óskarsson og Halldór Haraldsson alla af vilja gerða til að efla deildina, en nú sé rétti tíminn til að hafa áhrif á framtíð BLKD í nýjum listaháskóla.
- f) **Lúðrasveit Æskunnar.** Kári vill fá fram umræðu um Lúðrasveit Æskunnar. Er ástæða til að halda henni áfram? Það ætti að vera hægt að velja úr hljóðfæraleikurum í sveitina en sú er ekki alltaf raunin. Sveitin er mjög góð og allrar athygli verð. Eftir tónleikana á morgun er starfið laust, en undanfarin 4 ár hafa þau Kári og Karen séð um að halda sveitinni gangandi. Karen vill að kennarar og stjórnendur fylgist betur með starfi sveitarinnar.
- g) **Námskeið.** Karen hrósaði stjórn SÍSL fyrir að hafa staðið að stjórnendanámskeiði síðastliðið sumar. Össur sagði að námskeiðið hefði verið skipulagt af SÍL, NAMU og FT en SÍSL hefði verið aukaaðili og ekki borið neinn kostnað af.

Að lokum þakkaði Birgi D. Sveinsson fyrir góðan fund og gagnlegar umræður og þakkaði Skarphéðni fyrir gott skipulag og það fyrir kveðjur til heimamanna.

Fundi slitið.

Fundarritari var Atli Guðlaugsson.

Össur Geirsson tölvufærði fundargerð og endurraðaði lítillaga eftir málefnum.

Fundarmenn aðalfundar SÍSL árið 1999 voru skvt. nafnalista:

Skarphéðinn H. Einarsson
Jóhann Stefánsson
Sveinn Birgisson
Einar Jónsson
Jóhann Morávek
Ian Wilkinson
Helga Björg Arnardóttir
Sveinhildur Torfadóttir
Ingi Garðar Erlendsson
Ingunn Jónsdóttir
Heiðrún Hámundardóttir
Elínborg Sigurgeirsdóttir
David Nooteboom
Atli Guðlaugsson
Jón Hjaltason
Lilja Valdimarsdóttir
Lászlo Czenek
Zoltán Szklenár
Helga Halldórs
Gísli Magnússon
Hjálmar sigurbjörnsson
Robert Darling
Sigfús Ó. Höskuldsson
Karen Sturlaugsson
Kári Einarsson
Össur Geirsson
Stefán Ómar Jakobsson
Birgir D. Sveinsson

Blönduós
Selfoss
Mosfellsbær
Tónmenntaskóli Reykjavíkur
Höfn í Hornafirði
Snæfellsbær
Hafnarfjörður
Reykjanesbær (Keflavík)
Keflavík/Garður
Akranes/Tónmenntaskólinn
Akranes
Hvammstangi
Reykjanesbær
Akranes
Grafarvogur
Skólalúðrasveit Árbæjar- og Breiðholts
Rangársýsla
Vík í Mýrdal
Vík í Mýrdal
Bolungarvík
Akureyri
Porlákshöfn
Skólalúðrasveit Árbæjar- og Breiðholts
Reykjanesbær (Keflavík)
Seltjarnarnes
Kópavogur
Hafnarfjörður
Mosfellsbær

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í húsnæði Skólahljómsveitar Kópavogs

Þriðjudaginn 2. nóvember 1999, kl. 8,30

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson.

1. **Mitveijsmöte NAMU.** Undirbúningur vegna farar Össurar Geirssonar ritara á fund NAMU í Kaupmannahöfn 7. – 8. nóvember næstkomandi. Farið yfir helstu mál sem við koma SÍSL og þann hagnað sem við getum haft af samvinnu við NAMU.
 - a) Fá upplýsingar um sveitir á skólaaldri á Norðurlöndunum. Athuga möguleika á heimsóknaskiptum með ódýrri gistingu og uppihaldi.
 - b) Spyrja um fréttabréf sem send yrðu til okkar og e.t.v. senda einhverja pistla til þeirra. Biðja um að upplýsingar sendist til okkar um mót o.þ.h. á Norðurlöndunum.
 - c) Fara með sýnishorn af nótum sem við höfum gefið út og útskýra fyrirkomulagið. Spyrjast fyrir um nótnaútgáfu hjá þeim og hvernig því sé háttað. Athuga með möguleika á markaðssetningu á okkar efni á Norðurlöndunum
2. **Bréf frá Austurrískum aðila.** Hans Dostel, formaður Österreichisch-islandische Gesellschaft in Wien hefur sent okkur bréf, dags. 28.10. 1999. Hann vill koma á hverju ári frá árinu 2001 og vera með námskeið í austurrískri tónlist; mörsum, polkum og völsum. Ákveðið að tala um þetta við formann SÍL á næsta fundi, ásamt fréttum frá NAMU og útfærslu á sameiginlegri nótnaútgáfu SÍL og SÍSL.
3. **Lagt fram bréf** frá Trevor Ford yfir heppilega tónlist fyrir Lúðrasveit Æskunnar.
4. **Lúðrasveit Æskunnar.** Rætt um að boða Karen og Kára á fund og ræða áfram hald Lúðrasveitar Æskunnar. Athuga hvort grundvöllur er fyrir helgarnám-skeiðum í vetur.

Fundi slitið klukkan 9,30.

Össur Geirsson
ritari SÍSL

Fundur hjá Nordisk Amatör Union, haldinn í Kaupmannahöfn þann 7. nóvember 1999.

Fundarmenn:

DAO, Dansk Amatör Orkesterfobund: Poul Svanberg og Kate Jensen

MFH, Meginfelag fyri Føroysk Hornorkestrur: Otto Samuelsen

SÍL, Samband Íslenskra Lúðrasveita: Vilborg Jónsdóttir

SÍSL, Samtök Íslenskra Skólalúðrasveita: Össur Geirsson

NMF, Norges Musikkorps Forbund: Berit Handegard og Liv Utler Henriksen

Sveriges Orkesterförbund: Magnus Eriksson

RUM, Riksförbundet Unga Musikanter: Perry Göransson (þurfti reyndar að fara og sat ekki fundinn.)

FSSMF, Finlands-Svenska Sång og Musikförbund: Moa Thors

SULASOL, Suomen laulajain ja Soittajain Liitto: Sirkka-Lisa Joki.

Fundarstjóri var kjörinn Magnus Eriksson.

Fundarmenn kynntu sig.

Sumarmúsíkskóli NAMU á Íslandi 1999.

Vilborg flutti skýrslu um framkvæmd og tilhögun sumarmúsíkskólans síðasta sumar. Allt mjög jákvætt. Námskeiðið gekk vel, allir mjög ánægðir og peningahliðin þökkalega góð. Ánægja með stjórnandann og leiðbeinendurna. Hún sýndi einnig geisladisk sem hefur að geyma upptökur frá tónleikunum í Íslensku óperunni. Berit mun fjölfalda hann fyrir skandinavísku þátttakendurna en Vilborg sér um þá hlið mála fyrir íslendingana. Talsvert var rætt um aldurstakmörkin og gæði hljóðfæraleikaranna. Ákveðinn hljóðfærahópur (básúnur) var dragbítur á hljómsveitina þar sem enginn leiðari var í hópnum, allir virtust bíða eftir að hini tækju af skarið. Ekki talið raunhæft að helmingur hljómsveitarinnar komi frá gestgjöfunum á Álandseyjum næsta sumar. Talað um að vanda þurfi til vals á hljóðfæraleikurum til að fá sem allra besta hljómsveit. Nauðsynlegt að hljómsveitin sé í háum gæðaflokki m.a. til að efla starfsemi hennar sjálfrar og til að vekja meiri athygli út á við.

SAMNAM. Samráðet for Nordisk Amatørmusik. Magnus Eriksson er formaður þeirra samtaka. NAMU er eitt þeirra u.þ.b. 40 félaga sem eru í félaginu sem telur alls um 600,000 manns. Þetta félag hefur verið í lægð en er nú að byrja upp á nýtt. Ætla sér að starfa á hæstu pólitískum stöðum og reka þar málefni amatörtónlistarmanna. Talað um Norrænu Ráðherranefndina í því sambandi.

Nordisk Ministerråd. Lögð fram fundargerð Norrænu Ráðherranefndarinnar frá 9. sept. 1999. Helst rætt um lið 3. Rætt um stöðu sjálboðaliðastarfs í samfélaginu. Þörf á að einfalda styrkjakerfið. Poul vill sérstaklega láta athuga hvað verður um unga fólkið sem klárar sitt nám á hljóðfæri en kemur svo kannski hvergi fram eftir það.

Nordiske Blåasersymphonikere. Næsti sumarmúsíkskóli NAMU verður haldinn á Álandseyjum dagana 3. - 9. júlí árið 2000. Heitir héðan í frá Nordiske Blåasersymphonikere. Stefnt að tónleikum á Álandseyjum og í Stokkhólmi. Rætt um hversu margir eigi að komast að og hvaða gæðakröfur eigi að gera. Nauðsynlegt að

gera miklar kröfur. Fjárhagshliðin er óljós sem stendur. Greiða þarf vinnulaun stjórnenda og gistingu. Ferðastyrkur til handa íslenskum og færeyskum þátttakendum. NAMU á eitthvað af peningum og mun niðurgreiða kostnaðinn fyrir þátttakendur. Poul ræddi mikið um markaðssetningu á mótinu og þörf fyrir fjölmiðlafulltrúa. Þarf að auglýsa þetta gagnvart pólitíkusum og fjölmiðlum. Liv benti á að einnig þyrfti að auglýsa þetta meira gagnvart hljóðfæraleikurum og að samböndin hvert í sínu landi verði að veri ötul við að koma upplýsingum á framfæri til sinna félagsmanna. Vilji er til að festa námskeiðið árlega fyrstu vikuna í júlí. Ef um er að ræða fast námskeið er möguleiki á föstum styrk. Mikið rætt um stjórnanda. Viljum helst fá ungan stjórnanda á uppleið en þó með reynslu. Magnús vill fá stjórnanda úr sinfóníugeiranum og telur að það muni hugsanlega hækka standardinn. Poul vill festa mótin í enn fastari farveg og fara kerfisbundið milli landanna allra. Vilborg vildi ekki bíða í 9 ár eftir að fá mótið aftur til Íslands. Ákveðið var að hafa mótið í Danmörku árið 2001 en ákvörðun um næstu mót tekin síðar.

Utvækling av Orkester 2000. Magnus ræddi um Svensk Blásmusikfestival sem haldið verður 1. - 3. júní árið 2000 í Jönköping. Þetta mót á sér ekki langa sögu (2 ár) en er strax orðið mjög vinsælt. Margar sveitir vilja vera með á þessu alþjóðlega móti. Sigurvegarar í keppni Norsku skólalúðrasveitanna fá sem verðlaun að fara á þetta mót. Keppni fyrir þá sem vilja, tónleikar og skróðgöngur. Einnig tónleikar með atvinnumönnum sem hægt er að fara á. Berit fræddi okkur um Bergensiaden sem tengist Bergen-menningarborg árið 2000. Hefur boðið sveitum frá Íslandi og Finnlandi til þátttöku þar sem norrænir styrkir krefjast yfirleitt þátttöku a.m.k þriggja norðurlanda.

Internet síða NAMU. Vantar upplýsingar um SÍL og SÍSL til að hafa á vefsíðu félagsins. Við þurfum að semja grein og láta þýð hana yfir á norsku og jafnvel ensku líka. Rætt um að setja veffangið í fréttabréf allra samtakanna og helst oftast en einu sinni.

Nýtt lógó. Nýtt lógó samtakanna kynnt. Nokkrar umræður urðu um það. Otto taldi að guli liturinn myndi hverfa í fjölföldun og ljósritun. Samþykkt að taka þetta merki upp sem merki samtakanna.

Fundarhlé í 20 mínútur til að fólki gæfist kostur á að ganga frá herbergjum sínum á hótelinu.

Skýrslur félaganna.

1. **SÍL.** Vilborg gerði grein fyrir sumarmúsíkskólanum og geisladiskinum. Sýndi myndir þaðan. Sagði 11 sveitir í sínu sambandi sem færu á landsmót næsta sumar. talaði um góða almenna þátttöku í ár.
2. **NMF.** Berit fór hratt yfir sögu og sagðist ætla að senda út skýrslu síðar. Ræddi mest um samskipti við Suður-Afrískt brass band sem vinnur með fátækum börnum þar í landi. Nota mikið slagverk með brassinu. Fulltrúar þeirra heimsóttu Noreg og fengu m.a. gamla búninga með heim og eitthvað var sent til þeirra af notuðum hljóðfærum. Þeir kynntu sér einnig starfseminu í Noregi. Ræddi um stuðning frá Norska ríkinu til listastarfsemi sem búið var að lofa en hefur nú verið slegið á frest, m.a. vegna ágreinings um það hver ætti að hafa umsjón með því að

deila út styrknum sem átti að nema allt að 20 milljónum NKR. Mikið hugsað um samhæfingu skóla-tónlistarskóla-lúðrasveita og tólmundaiðkunar. Slíkt hefur verið gert í Þrándalögum undanfarið ár og er nú að breiðast út til annarra landssvæða. Í Þrándheimi er öll hljóðfærakennsla á vegum tónlistarskólans en kennararnir eru starfandi úti í grunnskólunum. Lúðrasveitaræfingar eru þó seinnipart dags. Sagði frá alþjóðlegu móti í Þrándheimi næsta ár. Heimasíða og veffang mótsins er: www.festival2000.com og music@festival2000.com.

3. **FSSMF.** Moa sagði frá sínu sambandi. Sænskumælandi Finnar eru aðallega nyrst og syðst í Finnlandi en um miðbik landsins eru engir slíkir. Þetta torveldar samvinnu. Samtökin eru sameiginleg fyrir kóra og lúðrasveitir. Kórar eru í miklum meirihluta, eða um níu á móti hverri einni lúðrasveit. Ekki virðist vera rífandi gangur í finnskum lúðrasveitum.
4. **SULASOL.** Sirkka-Lisa talaði eitthvað en það var gjörsamlega óskiljanlegt og að mestu leyti tuldur.
5. **DAO.** Poul sagðist vilja reka DAO eins og fyrirtæki. Hefur lagt upp "strategieplan". Helstu punktar þess eru að gera starf sveitanna sýnilegra og að auglýsa það sem eitthvað sem þjóðfélagið hefur gaman af. Vill skikka hljómsveitirnar til að hafa stjórnskipan svipaða lýðræðinu! Í DAO eru um 4,000 félagar. Leggur mikið upp úr því að styrkja fjárhagsgrundvöllinn. Leitar að kostunaraðilum til að vinna með þeim. Ræddi um "produkt udvikling" (framleiðsluþróun). Vill betri kennslu fyrir stjórnendur og að menn hugsi meira um það hvað verið er að bjóða upp á, bæði hvað varðar tækifæri fyrir sveitirnar og hvað sveitirnar bjóða áhorfendum upp á. Segir nauðsynlegt að hafa eitthvað fyrir alla, keppni fyrir þá sem það vilja og eitthvað annað fyrir hina. Sagði frá 15 tónleikum sem skipulagðir hafa verið á næsta ári í samvinnu við "Musik & Ungdom" í nokkrum borgum. Leggur áherslu að leggja rækt við hinn almenna féлага t.d. með hagstæðum hljóðfæratryggingum fyrir félagsmenn. Fram kom að þeir fá einhvern hlut af Lottó og 1X2 tekjum í Danmörku en hann vill fá miklu stærri hlut til sín.
6. **SÍSL.** Sjá meðfylgjandi pistil. Sagt lauslega frá samtökunum og fyrirkomulagi skólalúðrasveita á Íslandi.
7. **MFH.** Otto sagði mest lítið. Mest brass-bönd í Færeyjum. Einungis ein lúðrasveit. Sagði þá bestu fara utan t.d. til Íslands og Danmerkur.
8. **Sveriges Orkesterförbund.** Nýtt samband sem er samband allra amtörhljómsveita í Svíþjóð. Lagði fram ágæta greinagerð sem fylgir hér með. Greinilega mikil starfsemi nú í þessu félagi. Segir félagið sterkara nú og að ekki sé lengur gengið fram hjá þeim. Hafa skrifstofu í Stokkhólmi í byggingu með fleiri listgreinfélögum sem eykur samgang og samvinnu milli félaganna. Samvinnan best við önnur fullorðinnafélög þar sem barnasamtökin hafa traustan fjárhagsgrundvöll frá ríkinu og eiga því minni samleið í helstu baráttumálum. SO verður að græða meiri pening segir Magnús en einnig að frekari stuðningur frá ríkinu fái ekki.

NORDSYMPHONY. Magnús stingur upp á því að samtökum áhugastrengjasveita verði veitt innganga í NAMU. Þessi hugmynd ekki mikið rædd vegna tímaskorts en ákveðið að ræða þetta frekar á næsta fundi.

Næsti fundur. Ákveðið að hafa næsta fund í Helsinki þann 4. og 5. mars árið 2000. Fundurinn hefst klukkan 14,00 á laugardegi og sé lokið eigi síðar en kl. 16,00 á sunnudegi.

Fundi slitið klukkan 15,50.

Stjórnarfundur SÍSL,

haldinn í húsnæði Skólahljómsveitar Kópavogs

miðvikudaginn 17. nóvember 1999, kl. 10,00

Mættir á fund voru Birgir D. Sveinsson, Stefán Ómar Jakobsson og Össur Geirsson, ásamt Vilborgu Jónsdóttur frá SÍL.

1. **NAMU.** Farið yfir greinargerð Össurar frá Midtvejsmöte NAMU í Kaupmannahöfn. Samstarfið við NAMU rætt frá ýmsum sjónarhornum, m.a. möguleikar á samstarfi lúðrasveita og tónleikaferðum á mót sem skipulögð eru á norðurlöndunum.
2. Rætt um **útsetningar** sem Ian Wilkinson sendi stjórninni til skoðunar. Ákveðið að taka þær betur fyrir á næsta fundi.
3. **Staða Blásarakennardeildar** var enn til umræðu. Birgir ætlar að hafa samband við Hjálmar H. Ragnarsson fyrir næsta fund.
4. **Bréf frá Austurríki.** (Sjá fundargerð frá 2. nóv sl.) Birgir ræddi hugmyndir að svarbréfi til Hans Dostel.
5. **Landsmót í Reykjanesbæ.** Senda þarf bréf til Tónlistarskóla Reykjanesbæjar þar sem þess er formlega farið á leit að næsta landsmót verði haldið í Reykjanesbæ.

Fundi slitið kl. 11,30.

Össur Geirsson
ritari.